EYÞING
SAMBAND SVEITARFÉLAGA
Í EYJAFIRÐI OG ÞINGEYJARSÝSLUM

Akureyri, 4. maí 2018

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Umsögn stjórnar Eyþings **um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun 2018-2024, 480. mál.**

Stjórn Eyþings lýsir yfir ánægju með framkomna tillögu að stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018-2024 og fagnar því að tekið hefur verið tillit til ábendinga umsagnaraðila þar á meðal umsagnar Eyþings frá 21. mars sl.

Stjórn Eyþings ítrekar þá afstöðu sína að í tillögunni verði stutt við starfandi háskóla á landsbyggðinni. Einnig að nauðsynlegt sé að sá aðili sem mun annast framkvæmd verkefnis um fjarheilbrigðisþjónustu (A5) og héraðslækningar (A6) hafi góða þekkingu og yfirsýn á þeim aðstæðum sem eru á landsbyggðinni.

Ef staðsetja á nýja starfsemi á vegum ríkisins á höfuðborgarsvæðinu þá telur stjórn Eyþings að sýna þurfi fram á með gildum rökum að verulegt óhagræði sé af því að staðsetja hana á landsbyggðinni. (liður B j).

F.h. stjórnar Eyþings

Pétur Þór Jónasson
framkvæmdarstjóri

Hafnarstræti 91 | 600 Akureyri | Sími 464 9933 | eything@eything.is | www.eything.is